



Skipulags-, byggingar-, og veitunefnd (SBV) Þriðjudaginn 6. febrúar 2007

Fundur er haldinn í skipulags-, byggingar- og veitunefnd Blönduóssbæjar þriðjudaginn 6. febrúar, 2007 kl. 17:15 að Hnjúkabyggð 33, dómsal.

Varaformaður nefndarinnar Þorgils Magnússon setti fundinn og stjórnaði honum. Ragnar Ingi Tómasson ritaði fundargerð. Mæting er samkvæmt undirskriftum.

Dagskrá og afgreiðslur:

- 1. Erindi frá Heiðari Kristjánssyni, Holtabraut 14 Blönduósi**, þar sem hann endurnýjar umsókn sína um leyfi til að byggja garðsskála samkvæmt meðfylgjandi teikningu, dags. 28.12.2006.
Afgreiðsla: Erindið er samþykkt.
- 2. Erindi frá Heiðari Kristjánssyni, Holtabraut 14 Blönduósi**. Sótt er um leyfi til að setja göngudyr á vesturgafli bílskúrs samkvæmt meðfylgjandi teikningum dags. 28.12.2006.
Afgreiðsla: Erindið er samþykkt.
- 3. Erindi frá Sýslumanninum á Blönduósi**. Óskað er eftir umsögn vegna leyfis samkvæmt lögum nr. 67/1985 um veitinga- og gististaði. Erindið er frá Gláðheimum sem sækja um vegna hótels að Aðalgötu 6, gistiaðstöðu í Brautarhvammi og gistiaðstöðu að Blöndubbyggð 10.
Afgreiðsla: Nefndin samþykkir erindið og byggingafulltrúa er falið að ganga frá svari.
- 4. Erindi frá Sigurði Jóhannessyni**, sem fyrir hönd Húnakaupa hf. sækir um stöðuleyfi fyrir frístundahúsi ca. 30 m² á lóðinni við Húnabraut 4. Sigurður Jóhannesson vék af fundi undir þessum lið.
Afgreiðsla: Erindið er samþykkt, gegn því að lóð verði færð í samt lag þegar hús eru fjarlægð. Stöðuleyfið gildir í allt að einu ári.
- 5. Erindi frá Atla Gunnari Arnórssyni hjá Stoð ehf. verkfræðistofu**, þar sem hann sækir um f.h. SAH afurða ehf. leyfi til að breyta afgreiðsluhurð á austurhlið sláturhúss að Húnabraut 39, samkvæmt meðfylgjandi teikningum nr. A-101, dags. 01.02.2007. Sigurður Jóhannesson var fjarverandi undir þessum lið.
Afgreiðsla: Erindið er samþykkt.
- 6. Erindi frá Skarfakletti ehf., Hlíðarbraut 15**, sem sækir um lóð við Hafnarbraut 2-4.
Afgreiðsla: Lóð er byggingarhæf og erindi því vísað til bæjarráðs til afgreiðslu. Skipulags-, byggingar- og veitunefnd gerir það að tillögu sinni að samþykkt sé háð því að framkvæmdir séu hafnar innan tveggja ára. Byggingarfulltrúa falið að ganga frá lóðablaði.
- 7. Kynnt gjaldskrá embættis byggingafulltrúa og gatnagerðargjöld.**
- 8. Kynnt samþykkt um kjör fulltrúa í stjórnnum, ráðum og nefndum Blönduósbæjar.**



- 9. Erindi frá Kristjáni Birgissyni og Angelu Berthold.** Óskað er eftir leyfi til að setja svalahurð sem yrði neyðarútgangur á efri hæð íbúðarhússins að Efri-Lækjardal.
Afgreiðsla: Erindið er samþykkt með skilyrði um að aðaluppdrættir berist. Slökkviliðsstjóra falið að leiðbeina um framkvæmdir.
- 10. Erindi frá Jóhannesi Torfasyni,** sem fyrir hönd Ámundakinnar ehf. óskar eftir stækkun á lóðinni við Hnjúkabyggð 31. Sigurður Jóhannesson vék af fundi undir þessum lið.
Afgreiðsla: Erindið er samþykkt. Byggingafulltrúa er falið að breyta lóðablaði.
- 11. Erindi frá Jóhannesi Torfasyni,** sem fyrir hönd Ámundakinnar ehf. óskar eftir aðalskipulagsbreytingu þannig að heimilt verði að hafa íbúðir í húsinu að Hnjúkabyggð 31.
Afgreiðsla: Nefndin samþykkir erindið og beinir þeim tilmælum til bæjarstjórnar að gerðar verði breytingar á aðalskipulagi.
- 12. Erindi frá Trésmiðjunni Stíganda ehf.,** sem sækir um f.h. Vilhjálms Stefánssonar leyfi til að setja á nýja útihurð og fjarlægja reyk háf af húsinu við Mýrarbraut 9.
Afgreiðsla: Erindið er samþykkt en Þorgils Magnússon situr hjá við afgreiðsluna.
- 13. Aðaluppdrættir vegna Smárabrautar 6 – 8.**
Afgreiðsla: Aðaluppdrættirnir dagsettir 03.01.2007 eru samþykktir, en Þorgils Magnússon situr hjá við afgreiðsluna.
- 14. Erindi frá Zophoníasi Ara Lárussyni,** sem fyrir hönd Kráks ehf. sækir um leyfi fyrir utanhússklæðningu á Árbraut 17.
Afgreiðsla: Nefndin samþykkir erindið með tilvísan til leyfis er veitt var til klæðningar 27. sept. 1996. Samþykktin er gerð með þeim fyrirvara að fengið sé skriflegt samþykki allra húseigenda að Árbraut 17 fyrir klæðningunni.
- 15. Erindi frá Zophoníasi Ara Lárussyni,** sem fyrir hönd Kráks ehf. sækir um byggingarleyfi fyrir sjö frístundahúsum.
Afgreiðsla: Afgreiðsla er frestað uns gögn berast.
- 16. Erindi frá Zophoníasi Ara Lárussyni,** sem fyrir hönd Búrfjalla ehf. sækir um leyfi fyrir utanhússklæðningu að Aðalgötu 3b.
Afgreiðsla: Með vísan til bréfs Brunamálastofnunar dags. 10. janúar til Brunavarna A-Húnvetninga er fallist á erindið með þeim fyrirvara að verkáætlun verði skilað ásamt aðaluppdráttum af húsinu fyrir 1. maí 2007. Verkið skal vinna í nánú samstarfi við slökkviliðsstjóra.
- 17. Erindi frá Zophoníasi Ara Lárussyni,** sem sækir um leyfi til endurbóta í Aðalgötu 3b.
Afgreiðsla: Erindið er samþykkt með þeim fyrirvara að aðaluppdrættir berist fyrir 1. maí 2007, sem sýni nýjan inngang á suðaustur gaffli og lofthæðir.



18. Erindi Guðmundar Haraldssonar sem sækir um leyfi til að færa glugga á Húnabraut 2 (Við árbakkann) til upprunalegs horfs samkvæmt meðfylgjandi teikningu.

Afgreiðsla: Erindið er samþykkt með vísan í teikningar af “*húsi Steingríms Davíðssonar kennara*”.

19. Viðauki við fundargerð Skipulags-, byggingar-, og veitunefndar frá 5. desember 2006, svohljóðandi:

Í fundargerðinni láðist að geta þess undir lið 5a., önnur mál, að Zophonías Ari Lárusson vék af fundinum vegna vensla við Lárus B. Jónsson v/ Búrfjalla. Þetta leiðréttist hér með og er yfirlýsing þar um undirrituð af fundarmönnum.

20. Ósk um heimild og fjárveitingu til fornleifaskráningar vegna skipulagsgerðar.

Fram voru lagðar svohljóðandi bókanir:

- a. *Skipulagsfulltrúi Blönduósbæjar leggur til við skipulags-, byggingar- og veitunefnd að fengin verði heimild og fjárveiting fyrir fornleifaskráningu vegna deiliskipulagsgerðar í Brautarhvammi.*
- b. *Skipulagsfulltrúi Blönduósbæjar leggur að auki til við skipulags-, byggingar- og veitunefnd að fengin verði heimild til fjárveitingar fyrir fornleifaskráningu sveitarfélagins sem lokið verði í áföngum á næstu þremur árum. Gerð verði framkvæmdaáætlun þar um með skráningu í þéttbýli í forgangi. Leitað verði eftir samstarfi við Húnavatnshrepp vegna Hjaltabakka.*

Afgreiðsla: Nefndin samþykkir bókanir a og b samhljóða.

Fundargerð upp lesin og samþykkt.

Fundi slitið kl. 19:15

Andrés I. Leifsson (sign.)

Ragnar Ingi Tómasson (sign.)

Sigurður Jóhannesson (sign.)

Guðmundur Karl Ellertsson (sign.)

Þorgils Magnússon (sign.)

Eyjólfur Þórarinnsson f.h. byggingafulltrúa (sign.)